

Jakob Orri Jónsson og Steinunn Kristjánsdóttir

Rannsókn á rústum nunnuklaustursins í Kirkjubæ

Áfangaskýrsla 2023



Reykjavík 2024

Þakkir:

Lárus Siggeirsson landeigandi, Skaftárhreppur, Guðmundur Vignir Hauksson, Hilmar Gunnarsson og Jóhanna Steingrimsdóttir og fjölskylda Hörgslandskoti.

Uppgröfturinn fór fram fyrir fjárframlag úr Rannsóknasjóði Íslands, öndvegisstyrkur nr. 228576-051.

© Reykjavík: höfundar, 2024

Forsíðumynd: Brýni (2023-30-21) stuttu eftir að það fannst. Myndina tók Lára Janusdóttir.

Efnisyfirlit

1. Forsaga rannsókna	1
1.1. Ágrip af sögu Kirkjubæjarklausturs	1
1.2. Fyrri rannsóknir	2
2. Stjórnýsla og fjármögnun	4
3. Almennar upplýsingar og aðferðir á vettvangi	4
4. Stærð og umfang uppgrftar	5
4.1. Svæði A	6
4.2. Svæði B og C	9
4.3. Svæði D	11
4.4. Skurður 1	13
5. Lýsing mannvirkja	13
5.1. Gröf 1	13
5.2. Gröf 2	14
5.3. Gröf 3	14
5.4. Torfhleðsla [800] og steinahrúga [1820]	15
5.5. Kirkjugarðsveggur [2591]	16
5.6. Torfhleðsla [3400]	17
6. Fundir	18
6.1. Bein	20
6.2. Gler	20
6.3. Keramik	20
6.4. Málmar	21
6.5. Steinar	21
6.6. Svartaraf	22
6.7. Viður	22
7. Landslag, gróður og jarðgrunnur	22
8. Miðlun	23
9. Túlkun og framhald rannsókna	23
Heimildaskrá	25
Jarðlagaskrá	26
Fundaskrá	30
Viðauki 1 : Gjóskulagarannsókn, Magnús Á. Sigurgeirsson	45
Viðauki 2 : Faunal Report, Helene Benkert	53
Viðauki 3 : Niðurstöður C14 greiningar	56

Myndaskrá

Mynd 1: Yfirlitsmynd yfir uppgraftarsvæðið 2023. Einnig er merkt inn uppgraftarsvæðið frá 2002 til 2006, Kapellan og kirkjugarðurinn.....	1
Mynd 2: Niðurstöður uppgrftar Fornleifafræðistofunnar 2000–2006. Í herbergi B má sjá leifar vefstaðar, viðarminjar litaðar brúnar. Teikning eftir Böðvar Þór Unnarsson, Guðbjörgu Melsted, Kristján Mímisson, Sindra Ellertsson og Söndru Sif Einarsdóttur.	3
Mynd 3: Yfirlitsmynd yfir uppgraftarsvæðin, tekin seinasta dag vettvangsvinnu með flygildi.....	5
Mynd 4: Niðurstöður jarðsjármælinga á vegum Grampus Heritage and Training Ltd. Uppgraftarsvæðin hafa verið merkt inn. Sjá má hringlaga garð innan gamla kirkjugarðsins en einnig rústir vestan við núverandi uppgraftarsvæði.	6
Mynd 5: Teikning af svæðum A, B og C sumarið 2023 við lok vettvangsvinnu.	7
Mynd 6: Flæðirit yfir einingar á svæði A.....	8
Mynd 7: Teikning af svæði A eins og það leit út við lok vettvangsvinnu 2023.....	8
Mynd 8: Teikning af svæði BC eins og það leit út við lok vettvangsvinnu 2023.	10
Mynd 9: Flæðirit yfir einingar á svæði BC.	10
Mynd 10: Flæðirit yfir einingar á svæði D.....	11
Mynd 11: Teikning af svæði D eins og það leit út við lok vettvangsvinnu 2023.....	11
Mynd 12: Skurður 1. Í botni hans má sjá vatn.	13
Mynd 13: Gröf 1 áður en hún var grafin upp. Sjá má þar sem jörðin hefur tekið að falla í holrýmið fyrir miðri mynd.	13
Mynd 14: Gröf 2 áður en hún var grafin upp. Sjá má gröf 1 hægra megin á myndinni.	14
Mynd 15: Gröf 3 áður en hún var grafin upp.....	15
Mynd 16: Steinahrúga [1820].	15
Mynd 17: Torfhleðsla [800]. Sjá má steina úr steinahrúgu [1820] vinstra megin á myndinni.	15
Mynd 18: Kirkjugarðsveggur [2591].	16
Mynd 19: Torfhleðsla [3400].	17
Mynd 20: Skífurit með hlutföllum gripaflokka eftir fjölda.	18
Mynd 21: Kort yfir fundi á svæði D.....	18
Mynd 22: Kort yfir fundi á svæðum A, B og C.	19
Mynd 23: Glerperla (2023-30-243).	20
Mynd 24: Hvítt jarðleirsbrot með grænum blýglerung (2023-30-83).	20
Mynd 25: Lykill (2023-30-249).	21
Mynd 26: Klæðismerki með illgreinanlegu merki (2023-30-84).	21
Mynd 27: Unninn vikurmoli (2023-30-197).	22
Mynd 28: Kvarts perla (2023-30-200).	22
Mynd 29: Svartarafperla (2023-30-11).	22

Grunnupplýsingar:**Rannsóknarnúmer**

202203-0065

Þjóðminjasafnsnúmer

2023-30

Stutt lýsing rannsóknar

Uppgröftur á rústum klausturs á Kirkjubæjarklaustri í tengslum við verkefnið *Samspil manns og náttúru*

Tegund rannsóknar

Vísindarannsókn

Staðsetning

Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppur, Suðurland

GPS hnit

SV: 546751.134, 365400.011

NV: 546742.105, 365415.621

SA: 546757.021, 365404.376

NA: 546746.107, 365418.565

Rannsóknartími

3. til 26. júlí 2023

Leyfishafi

Prófessor Steinunn Kristjánsdóttir

Fjöldi starfsmanna

Ellefu starfsmenn: Fimm fornleifafræðingar og sex nemar



Útdráttur

Í júlí 2023 var uppgrefti haldið áfram á Kirkjubæjarklaustri frá fyrra ári og nýtt svæði opnað innan kirkjugarðs staðarins. Uppgröfturinn er hluti af verkefninu *Samspil manns og náttúru* sem miðar að því að kanna hvernig nunnuklaustrið, sem þarna var rekið frá 1186–1543, starfaði í sambúð við umhverfi sitt. Klárað var að grafa upp öskuhauginn á svæðum B og C niður að grunnvatnsborði og haldið áfram að grafa í gegnum 17. og 18. aldar lög á svæði A. Á nýja svæðinu D komu í ljós grafir og tveir torfveggir en annar þeirra er frá klausturtíma.

Abstract

In July of 2023 excavations at Kirkjubæjarklaustur were continued from last year, with a new excavation area opened inside the site's graveyard wall. The investigations are a part of the project *Between Man and Nature* which seeks to understand how the operation of the Benedictine female monastery, which operated there between 1186 and 1543, was intertwined with its environment. Excavations on the midden on areas B and C concluded at the groundwater surface and at area A work continued through the layers of 17th and 18th century material. In the new area D several graves were revealed, along with two turf walls, one of which has been identified as being constructed during the period of the monastery.

1. Forsaga rannsóknar

Ráðist var í uppgröft á Kirkjubæjarklaustri sumarið 2022, sem var haldið áfram 2023, í tengslum við verkefnið *Samspil manns og náttúru*, sem stjórnað er af Steinunni Kristjánsdóttur. Markmiðið er að breikka þá þekkingu sem þegar er til staðar um klausturlifnað þar með sérstakri áherslu á vistfræði staðarins. Fór uppgröfturinn fram vestan við og innan gamla kirkjugarðs Kirkjubæjarklausturs en innan hans má sjá rústir kirkjunnar þar sem eldmessan svokallaða var sungin árið 1783. Austan við kirkjugarðinn er Minningarkapella ‚eldklerksins‘ sr. Jóns Steingrímssonar en hún var vígð 1974.

1.1. Ágrip af sögu Kirkjubæjarklausturs

Kirkjubæjarklaustur var fyrsta nunnuklaustrið á Íslandi, stofnað árið 1186 fyrir tilstilli Þorláks helga Þórhallssonar sem þá var Skálholtsbiskup og var klaustrið af reglu heilags Benedikts. Klaustrið laut stjórnar abbadísar eins og hefð var fyrir um nunnuklaustur. Magnús Gissurarson biskup í Skálholti afhenti leikmönnum hins vegar klaustrið árið 1217 eða 1218, en því hafði þá



Mynd 1: Yfirlitsmynd yfir uppgriftarsvæðið 2023. Einnig er merkt inn uppgriftarsvæðið frá 2002 til 2006, Kapellan og kirkjugarðurinn.


verið stjórnað af priorinnu síðan 1210. Þegar hún lést 1217 tóku höfðingjar staðinn yfir og héldu honum til ársins 1285 þegar priorinna var skipuð á ný. Árni Þorláksson Skálholtsbiskup setti síðan abbadís yfir klaustrið árið 1293. Eftir það var Kirkjubæjarklaustur rekið allt til siðaskipta, en það var lagt af 1543. Starfsemi klaustursins virðist því hafa legið niðri að miklu leyti í nærri 80 ár en rétt er þó að benda á að nunnur virðast hafa verið í Kirkjubæ frá því um 1250. Stóð rekstur klaustursins því sleitulaust í 250 ár og með hléum í nærri 350 ár (Steinunn Kristjánsdóttir, 2017, bls. 271–297; 2021, bls. 87; 2023).

Ítarlegar hefur verið farið yfir sögu Kirkjubæjarklausturs í áfangaskýrslu 2022 (Jakob Orri Jónsson, Svavar Níelsson og Steinunn Kristjánsdóttir, 2023, bls. 5–6). Er hér vísað til hennar til nánari upplýsingar en þess má geta hér að byggð hefur verið í Kirkjubæ frá landnámsöld og líklegt að kirkja hafi snemma verið til staðar, jafnvel fyrir kristnitöku. Þekktastur er staðurinn þó fyrir að það var á Kirkjubæjaklaustri sem að ‚eldmessan‘ svokallaða fór fram í Skaftáreldum, 20. júlí 1783 en hana söng ‚eldklerkurinn‘ séra Jón Steingrímsson (Jón Kristinn Einarsson, 2022, bls. 67–71).

1.2. Fyrri rannsóknir

Árið 1995 var tillaga samþykkt af hreppsnefnd Skaftárhrepps um að hefja rannsóknir á rústum á Kirkjubæjarklaustri. Fyrstu skref rannsóknanna þá voru í formi jarðsjármælinga sem voru framkvæmdar í þeim tilgangi að afmarka rústasvæði klaustursins. Þessar jarðsjármælingar fóru fram á árunum 1995 og 1998 (Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2002, bls. 1–2). Uppgröftur á Kirkjubæjarklaustri hófst svo árið 2000 þegar grafnir voru þrjár könnunarskurðir í rústirnar á vegum Fornleifafræðistofunnar, undir stjórn Bjarna F. Einarssonar.

Fyrsti könnunarskurðurinn var grafinn austan við gamla kirkjugarðinn. Annar profuskurðurinn var grafinn norðan við götuna Skriðuvelli, austarlega í rústabungu vestan megin við hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhóla. Þriðji profuskurðurinn var grafinn vestan við gamla kirkjugarðinn. Í fyrstu var talið ólíklegt að komið hafi verið niður á klausturminjar sökum þess hve djúpt þurfti að grafa áður en komið var niður á rústir (Bjarni F. Einarsson, 2000). Snéri starfsfólk Fornleifafræðistofunnar svo aftur til Kirkjubæjarklausturs tveimur árum seinna og var þá stærra svæði opnað þar sem fyrsti profuskurðurinn hafði verið grafinn á sínum tíma. Var þá staðfest að rústir klaustursins væru fundnar (Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2002). Uppgröftur á klausturminjum hélt síðan áfram undir stjórn Bjarna til ársins 2006. Grafið var norðan við gamla kirkjugarðinn og vestan við Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar (mynd 1; Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2002; 2006; Kristján



Mynd 2: Niðurstöður uppgrftar Fornleifafræðistofunnar 2000–2006. Í herbergi B má sjá leifar vefstaðar, viðarminjar litaðar brúnar. Teikning eftir Böðvar Þór Unnarsson, Guðbjörgu Melsted, Kristján Mímisson, Sindra Ellertsson og Söndru Sif Einarasdóttur.

Mímisson, Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarasdóttir, 2004; 2005). Um 130 fermetra svæði var grafið upp á tímabilinu en innan þess fannst rúst af byggingu frá klausturtíma en hún skiptist í fimm herbergi (mynd 2). Eitt þeirra virðist hafa verið vefstofa miðað við gripi sem þar fundust, þ.m.t. fjöldakljásteina og leifar af vefstað (Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2009).

Sá hluti rústa nunnuklaustursins á Kirkjubæjarklaustri sem hefur verið grafinn upp er frá lokum 14. aldar og til siðaskipta. Þetta þýðir að enn hefur ekki tekist að grafa upp rústir frá fyrstu áhrundruðunum í sögu klaustursins en að auki er heildarumfang rústa þess ekki enn ljós (Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2006, bls. 38).

Minjar Kirkjubæjarklausturs liggja auk þess mjög djúpt undir yfirborði sem olli nokkrum vandræðum við uppgröftinn 2002–2006 en háir sniðbakkar í jöðrum uppgraftarsvæðisins eru óstöðugir og geta hrunið. Einnig kom í ljós að grunnvatnsstaða á svæðinu er há og þegar rignir flæðir vatnið í gegnum snið og inn á uppgraftarsvæðið (Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2006). Við sömu vandræði var glímt í uppgrefti sumarið 2022, en það var fyrsta sumarið sem grafið var á Kirkjubæjarklaustri í tengslum við verkefnið *Samspil manns og náttúru* sem uppgröfturinn 2023 er einnig hluti af.

Sumarið 2022 var svæði opnað vestur af kirkjugarðinum. Var því skipt í þrennt, svæði A, B og C. Á svæðum B og C var komið niður á mikinn öskuhaug sem talinn var eiga uppruna sinn á klausturtíma en hafa verið í notkun allt fram á 18. öld, út frá greiningum gripa. Á svæði

C var komið niður á fókumoldarblandin öskulög milli blandaðra laga torfs og ösku en einnig tvö torfhleðslubrot og grunsamlega steinahrúgu (Jakob Orri Jónsson o.fl., 2023).

2. Stjórnsýsla og fjármögnun

Verkefnið *Samspil manns og náttúru* er fjármagnað með öndvegisstyrk frá Rannís. Verkefninu stjórnar Steinunn Kristjánsdóttir og er það rekið með aðstoð frá Háskóla Íslands. Tilskilin leyfi landeigenda og frá Minjastofnun Íslands fengust fyrir rannsókninni.

3. Almennar upplýsingar og aðferðir á vettvangi

Uppgröftur á rústum Kirkjubæjarklausturs fór fram á dögum 3.–28. júlí 2023. Stjórnandi rannsóknar er prófessor Steinunn Kristjánsdóttir (SK) og uppgrafterstjóri var Dr. Jakob Orri Jónsson (JOJ). Aðrir starfsmenn voru Prófessor Alison Beach (AB) við St. Andrews Háskóla í Skotlandi, Dr. Scott John Riddell (SJR), Dr. Helene Benkert (HB), meistaranemarnir Delaney Lynn Dammeyer (DLD) og Lára Janusdóttir (LJ) og grunnnámsnemarnir Daníel Freyr Ívarsson (DFÍ), Eir Önnu Ólafsbur (EÖÓ), Erla Sóley Skúladóttir (ESS), Heiðar Berg Hjartarson (HBH) og Margrét Helgadóttir (MH). Jakob Orri sá um greiningu á leirkerjum og mynd- og kortavinnslu, Helene sá um greiningu á dýrabeinum og Scott sá um greiningu jarðvegssýna. Gjöskulög greindi Magnús Á. Sigurgeirsson og sýni voru greind til kolefnisaldurs hjá Beta Analytic Inc. Joe W. Walser III sá um greiningu mannabeina og Þorgerður Hjelm Daníelsdóttir, grunnámsnemi, sá um ljósmyndun og skráningu gripa í Sarp.

Jarðgrafa var nýtt í að opna einn skurð og nýtt svæði, svæði D, en annars var öll vinna unnin með handverkfærum. Öll teiknilög og einingar innan uppgrafter, eins og til dæmis jarðlög, steinar, staðsetning gripa og byggingarhlutar voru mæld upp með alstöð. Í lok hvers vinnudags var mælingum svo hlaðið upp í stafræna gagnagrunninn Intrasis.

Uppgröftur og skráning mannvistarlaganna fylgir aðferð sem kallast einingaraðferðin (e. single context recording). Einingaraðferðin felur í sér að hvert mannvistarlag er hugsað sem minjar um einstakan atburð. Hvert lag, jafnt jarðlög sem mannvistarlög, er ljósmyndað og mælt með alstöð. Mælingin gefur hverri einingu númer innan uppgraftersvæðisins og er það einkennt með hornklofum (t.d. [777]). Samhliða skráningu eininga er þeim raðað í flæðirit (Harris Matrix) sem heldur utan um afstæða aldursröð og samhengi innan uppgraftersvæðisins. Ljósmyndun eininga fór fram með stafrænni ljósmyndavél og var þrífótur nýttur þar sem það var mögulegt. Einnig voru teknar yfirlitsmyndir með flygildi (mynd 3).




Mynd 3: Yfirlitsmynd yfir uppgriftarsvæðin, tekin seinasta dag vettvangsvinnu með flygildi.

Öll öskulög sem voru grafin upp voru þurrsigtuð í 5mm handsigti. Úr öskulögunum voru einnig tekin jarðvegssýni sem notuð verða í greiningar á frjókornum, skordýrum og fræjum.

4. Stærð og umfang uppgriftar

Sumarið 2023 var uppgrefti á Kirkjubæjarklaustri haldið áfram þaðan sem frá var horfið 2022. Auk áframhaldandi vinnu á svæðum A, B og C voru tveir skurðir teknir, annar suðvestan við uppgriftarsvæðið og hinn norðaustan við það, innan gamla kirkjugarðsins. Var öðrum þeirra gefið heitið skurður 1 og hinn var fljótt stækkaður og gefið heitið svæði D.

Strax í fyrstu viku uppgriftar sumarið 2023 var ljóst að sá hluti svæðis B sem enn var yfir grunnvatnsborði myndi renna saman við svæði C við áframhaldandi uppgröft þar. Var því ákveðið að koma fram við svæði B og C sem eitt svæði og vegna þessa er fjallað um svæði B og C saman í einum undirkafla hér og yfirleitt rætt um svæði B og C eða BC.




Mynd 4: Niðurstöður jarðsjármælinga á vegum Grampus Heritage and Training Ltd. Uppgriftarsvæðin hafa verið merkt inn. Sjá má hringlaga garð innan gamla kirkjugarðsins en einnig rústir vestan við núverandi uppgraftarsvæði.

Líkt og þegar hefur komið fram voru teknir tveir skurðir þetta uppgraftartímabilið. Staðsetning þeirra var ákveðin út frá jarðsjármælingum sem fóru fram haustið 2022 á vegum Grampus Heritage and Training Ltd. (mynd 4) og virtust sýna mögulegan hringlaga vegg eða garð.


Við lok uppgraftartímabilsins var öllum svæðum nema svæði A lokað með jarðgröfu sem ýtti áður uppgröfnu efni ofan í svæðin. Að auki var nýtt torf lagt yfir svæði D. Jarðvegsdúkur var lagður yfir svæði A og það girt af.

4.1. Svæði A


Fyrsta verkefni sumarsins á svæði A var að hreinsa svæðið, finna þau lög sem voru teiknuð inn á fyrra uppgraftartímabili og ákvarða afstöðu þeirra hvers til annars. Í norðaustur hluta svæðisins kom í ljós, líkt og talið hafði verið á seinasta uppgraftartímabili, að viðaröskulag [1626] lá efst, ofan á áfoksmoldarlagi [1676]. Sunnan við þess lög var lítið lag járnriks torfs [1802] á brún svæðis A og B sem lá ofan á blönduðu lagi áfoksmoldar og viðarösku [1734] en



Mynd 5: Teikning af svæðum A, B og C sumarið 2023 við lok vettvangsvinnu.



Mynd 6: Flæðirit yfir einingar á svæði A.



Mynd 7: Teikning af svæði A eins og það leit út við lok vettvangsvinnu 2023

Það lag reyndist öllu stærra en hægt hafði verið að sjá fyrir um sumarið og lá það yfir stærstum hluta svæðis A, að undanskildum norðaustur- og suðvesturhornum þess.

Í hornum svæðisins voru torfhleðslur [800] og [904] sem komu í ljós 2022. Torfhleðsla [904] var lítið brot í suðvesturhorni svæðisins sem bæði kom fremur illa undan vetri og reyndist mun þynnra en talið var 2022. Hleðslan var því grafinn upp þetta sumarið. Undir henni lá feitt, gulleit torflag [1705] en hluti þess hafði verið afhjúpaður sumarið 2022. Þetta lag innihélt mikið af járnútfellingum og viðarkolalínsum og lá ofan á blönduðu lagi viðarösku og guls torfs [1938]. Það lag lá svo ofan á blönduðu lagi [1734].

Í norðausturhorni svæðis A er torfhleðsla [800] og steinhrúga [1820]. Hvoru tveggja kom í ljós uppgraftartímabilið 2022 og var haldið áfram við leit að þeim lögum sem þessi tvö mannvirki liggja ofan á. Í tilviki torfhleðslunnar tókst það ekki en torfhrun [2558] fannst upp við hana og var það fjarlæggt. Líkt og kemur fram í áfangaskýrslu 2022 virtist steinhrúga [1820] ekki hafa byggingarlag. Við nánari athugun kom þó í ljós blanda fokmoldar og torfs milli steinanna. Þetta, ásamt steinum sem virðast vera í hleðslu sem komu í ljós þegar hafist var handa við að fjarlægja hrúguna, er túlkað sem svo að steinhrúgan sé hrun veggjar sem var

hlaðinn úr steini og torfi (sjá kafla 5.4.). Steinahrúgan var ekki fjarlægð að öllu leyti en undir henni kom í ljós dökkt viðaröskulag [3191].

Þegar blandað lag [1734] var fjarlægt komu í ljós lítil tvö lög undir því. Í suðausturhluta svæðisins kom í ljós viðaröskulag [2349] sem var mjög rakt og innihélt mikið af hálfkoluðum við. Undir því var blandað lag torfs, fokmoldar og viðarösku [2907] sem haldi meirihluta svæðis A til vesturs. Undir því var svo blandað lag torfs og fokmoldar [3620] en á mörkum þessara laga var nokkuð um óbrennda, unna viðarbúta.

Á vesturhluta svæðisins kom undan blönduðu lagi [1734] lítið, blá-grátt leirkennt lag með mikið af járnútfellingum. Undir því var viðaröskulag [2715] með mikið af viðarkolamolum sem haldi stærstan hluta vesturhluta svæðisins. Við lok uppgraftartímabils kom í ljós viðaröskulag [3596] þar undir. Skilur þetta seinasta lag sig frá laginu að ofan af því að vera öllu rakara, þéttara og svipar mjög til viðaröskulaga sem komið hafa fram á svæði C.

Við lok tímabilsins 2023 voru þessi lög sem þegar hafa verið rædd sem ekki náðist að grafa fram nema að hluta; blandað lag torfs og fokmoldar [3620], viðaröskulag [3596], viðaröskulag [3191], steinahrúga [1820] og torfveggur [800] (mynd 6).


4.2. Svæði B og C

Í fyrstu viku uppgraftartímabilsins kom í ljós að ekki væri fýsilegt að grafa öskuhauginn á svæðum B og C í einingaraðferð, en slíkt hefði endað með tugi, ef ekki hundruði, einsleitra eininga viðarösku og torfs, og var hann því grafinn í flötum einingum þar sem hver eining var 10 sentimetrar að þykkt. Fékk efsta einingin í þessu kerfi númerið [1906] (sjá mynd 9).

Við upphaf uppgrafar voru mörk milli svæða B og C nokkuð skýr en, líkt og þegar hefur komið fram, þegar á leið runnu svæðin tvö saman þegar hæð yfirborðs á svæði C var grafin niður á sömu hæð og hæsti hluti svæðis B var. Þegar þessum áfanga var náð var komið fram við svæðin tvö sem eitt.

Öskuhaugurinn á svæði B og C var að mestu einsleitur með dökkri, rakri eða blautri viðarösku með mikið af járnútfellingum, þó nokkuð af morknum beinum, brenndum og óbrenndum. Milli óreglulegra laga af viðarösku voru torflög sem voru mjög fjölbreytt að lit, stærð og lögun. Líklegt er að þetta torf hafi verið lagt ofan á öskuhauginn þegar hann var enn í notkun til að hemja öskuna í roki.

Í seinustu viku uppgraftarins tók öskuhaugurinn þó að breytast þar sem hann lá hæst, þ.e. á austurhluta svæðis B. Byrjaði þar að koma fram leirkennt lag [3525], dökk grátt og grænt




Mynd 8: Teikning af svæði BC eins og það leit út við lok vettvangsvinnu 2023.

að lit, með einstaka blá-, fjólublá- og hvítleitum linsum. Sunnan þessa lags var öskuhaugurinn enn til staðar og hlaut seinasta eining hans, sem grafin var, númerið [3764].

Þegar hér er komið við sögu var búið að grafa það djúpt að yfirborð svæðisins var innan við 20 sentimetra frá yfirborði grunnvatns. Eins og má skilja var yfirborð uppgrftarins því orðið mjög rakt og gerði blandan af vatni og viðarösku yfirborðið einnig mjög sleipt. Var þetta farið að skapa

hættu fyrir starfsfólk og vegna erfíðleika þess að lækka vatnsstöðuna var ákvörðun tekin um að hætta uppgrefti á svæðum B og C. Frá uppgraftartímabilinu 2022 er vitað að mannvistarlög er að finna að minnsta kosti 70 sentimetrum undir yfirborði grunnvatns. Bein (2023-30-245) úr neðsta lagi öskuhaugsins var sent í kolefnisaldursgreiningu og reyndist dýrið sem beinið kom úr hafa drepist á bilinu 1536-1635 með 55,4% vissu eða á bilinu 1460-1530 með 40% vissu (sjá viðauka 3). Við greiningu gjóskulaga 2023 fannst lag úr Veiðvötnum, sem féll 1477, neðst í austursniði svæðanna. Gefa þessar tvær aldursgreiningar til kynna að nokkur




Mynd 9: Flæðirit yfir einingar á svæði BC.


hluti öskuhaugsins sem grafinn var er frá klausturtíma, sem og öll lög in sem neðar liggja (sjá viðauka 1).

4.3. Svæði D

Innan steinsteypra veggja gamla kirkjugarðsins á Kirkjubæjarklaustri var ákveðið að taka skurð til þess að athuga hvort möguleg mannvirki sem komu í ljós á jarðsjármælingum þeim, sem getið verið var um í inngangi þessa kafla, væru raunverulega til staðar og þá hverskonar minjar væri þar að finna. Núverandi kirkjugarðsveggur var steypdur um 1940 og myndar ferning. Staðsetning og gerð hans byggir á ágiskun um það hvar hann hafði verið áður en jarðsjármælingarnar benda til þess að hann hafi verið hringlaga, sem uppgröfturinn styður (sjá kafla 5.5.). Var yfirborðslagið tekið ofan af með jarðgröfu sem svo var nýtt til að grafa í gegnum röð náttúrulegra laga [2487] undir yfirborðinu. Voru þessi lög, sem skiptust milli sands og fokmoldar, án nokkurra ummerkja um



Mynd 10: Flæðirit yfir einingar á svæði D.



Mynd 11: Teikning af svæði D eins og það leit út við lok vettvangsvinnu 2023

mannvist og var ákveðið að skrá þau sem eitt þar sem hvert lag var í mesta lagi tíu sentimetrar á þykkt og þessi röð hélst óbrotin niður á um eins metra dýpt.

Þegar komið var niður á þessa dýpt komu í ljós greinilegur niðurgröftur í botni skurðarins. Var ákveðið að stækka hann til að geta rannsakað niðurgröftinn og við það var skurðinum gefið heitið svæði D. Strax var ljóst að þessi niðurgröftur var efsta byrði grafar og þegar skurðurinn var stækkaður komu fleiri grafir í ljós. Grafirnar sáust allar vel þar sem fylling hveirrar og einnar þeirra var torfblandin fokmold á meðan yfirborð í kringum þær var sandur blandaður fokmold. Aðeins þrjár grafir á svæðinu voru grafnar upp og voru þær skráðar sem grafir 1 til 3. Fjórar grafanna sem komu í ljós voru í röð meðfram vestursniði svæðisins. Frá norðri til suðurs voru þetta gröf [2481] gröf [2471], þá gröf 1 [2054], og svo gröf 2 [2394] (frekar um þessar grafir má lesa í kafla 5.). Eftir að grafir 1 og 2 höfðu verið grafnar upp var ákveðið að opna ekki grafirnar norður af þeim og var svæðinu þá nokkurn veginn skipt í tvennt. Haldið var áfram að grafa niður austan og sunnan við grafirnar fjórar en svæðinu næst gröfunum hlíft.

Syðst á svæðinu kom í ljós röð steina sem virðist vera hluti af vegg [2591] (sjá kafla 5.5.). Upp að veggnum [2591] láu tvö náttúruleg lög, fyrst blandað lag sands og moldar [2878] og undir því fokmoldarlag [3214]. Gröf 3 [3097] kom fram undan þessu fokmoldarlagi, við austursnið svæðisins (frekar um gröfina má lesa í kafla 5.3.). Hluti þriggja annarra grafa komu í ljós á sama tíma, en allar lágu þær vestar en gröf 3. Gröf [3126] var í línu við gröf 3, fast vestan við hana. Gröf [3110] var í línu sunnan við gröf [3126]. Mestur hluti þessara tveggja grafa lá vestur undir þann hluta svæðisins sem ákveðið var að hlífa og út frá legu þeirra er líklegt að grafirnar vestan megin á svæðinu hafi raskað þessum gröfum (mynd 10).

Sunnarlega á svæðinu, nálægt veggnum [2591] kom fram seinasta gröfin [3361] sem fannst þetta uppgraftartímabilið. Sömu sögu er að segja um hana og grafirnar tvær á undan, aðeins lítill hluti þessarar grafar sást þar sem stærsti hluti hennar lá undir svæðinu sem hlíft var. Einnig undan fokmoldarlaginu [3214] komu fram nokkrir steinar sem fljótt varð ljóst að voru hluti af torfhruni [3369]. Miðað við legu þessa hruns er líklegt að því hafi verið ýtt út þegar gröf [3361] var tekin. Hrun þetta kom úr torfhleðslu [3400] (sjá kafla 5.6.) Upp að þessum vegg er dökkt, sendið mannvistarlag [3473] með fokmold, torflinsum og járnútfellingum. Þetta lag var skorið af gröfni [3361] til norðurs (sjá mynd 10). Hvorugur veggjanna eða mannvistarlagið sem liggur upp að eldri veggnum var grafið upp.

4.4. Skurður 1

Skurður 1 er sá sem rætt var um í inngangi þessa kafla sem tekinn var suðvestur af svæðum A, B og C (sjá mynd 1, bls. 6). Skurðurinn var 3 x 1,25 metrar að flatarmáli, snéri



Mynd 12: Skurður 1. Í botni hans má sjá vatn.

suðaustur og varð

mest um 1,5 metrar að dýpt. Skurðurinn var allur grafinn með jarðgröfu. Undir þunnu yfirborðslagi var komið niður á sandlag sem var samfleytt niður á botn skurðarins en á mesta dýpi hans tók vatn að renna í hann og fylla botn hans (sjá mynd 12). Við það var ákveðið að halda ekki áfram að grafa á þessu svæði og var skurðinum lokað aftur samdægurs. Engin mannvistarlög fundust honum.

5. Lýsing mannvirkja

Sumarið 2023 voru grafnar upp þrjár grafir og jafnmörg brot annarra mannvirkja. Verður hér fjallað stuttlega um hvert mannvirki fyrir sig.

5.1. Gröf 1

Gröf 1 var sú sem kom fyrst í ljós á svæði D en greinilegt holrými var ofarlega í grafarfyllingunni (mynd 13). Þegar grafið var ofan af kistunni í gröfinni komu fljótlega í ljós fleiri kistur upp við hana. Í fyrstu var talið að hér væri mögulega fundin ein af þeim fjöldagröfum sem teknar voru í tíð



Mynd 13: Gröf 1 áður en hún var grafin upp. Sjá má þar sem jörðin hefur tekið að falla í holrýmið fyrir miðri mynd.

Móðuharðindanna þar sem sex til tíu manns voru greftraðir í einu (Jón Steingrímsson, 1907-1915, bls. 39). Við nánari athugun kom þó í ljós að svo var ekki heldur var um að ræða grafreit þar sem greftrað hefur verið í langan tíma og grafir teknar hver ofan í aðra. Kisturnar sem sást í voru fremur illa farnar, samfallnar og viðurinn fremur morkinn.

Kistan sem fyrst var komið niður á var opnuð og grafin upp. Því miður reyndist varðveisla beina mjög slæm og aðeins reyndist mögulegt að varðveita nokkrar tennur úr þessari gröf. Gjóskulagarannsóknir leiða líkur að því að þessi gröf sé frá 19. öld (sjá viðauka 1).

5.2. Gröf 2

Gröf 2 var staðsett sunnan við gröf 1 (mynd 14). Ákveðið var að grafa hana upp þar sem hún, líkt og gröf 1, var öll innan svæðis D en grafirnar norðan grafar 1 voru að stórum hluta utan svæðisins. Í gröfinni var komið niður á kistu sem hafði fallið saman. Þegar hún var opnuð fundust örlitlar líkamsleifar sem flestar voru mjög morknar og mynduðu gula, feita skán innan á



Mynd 14: Gröf 2 áður en hún var grafin upp. Sjá má gröf 1 hægra megin á myndinni.

hluta kistunnar. Mikil bleyta var í henni, líkt og annarsstaðar á uppgraftarsvæðinu á Kirkjubæjarklaustri, sem er orsök slæmra varðveisluskilyrða. Þó tókst að finna einstaka tennur sem höfðu varðveist.

Líkt og með gröf 2 leiða gjóskulagarannsóknir líkur að því að þessi gröf sé frá 19. öld (sjá viðauka 1).

5.3. Gröf 3

Gröf 3 kom fram austan við gröf 1 á þeim hluta svæðis D þar sem haldið var áfram að grafa dýpra þegar hluta svæðisins var hlíft, líkt og fram kemur í kafla 4.3. Svæði D. Yfirborð þessarar grafar kom fram dýpra en aðrar grafir sem fundust á svæði D (mynd 15). Var ákveðið að grafa hana upp með von um að hér væri gröf frá klausturtíma. Gjóskulagarannsóknir sem fram fóru seinasta dag uppgraftartímabilsins styðja þessi túlkun hins vegar ekki (sjá viðauka 1).

Þegar gröfin var opnuð fundust aðeins örlitlar flísar af morknum viði og holrými sem fullt var af vatni. Örlitlar vísbendingar voru um líkamsleifar í formi þunnrar slikju feits guls efnis sem ekki var hægt að varðveita.



Mynd 15: Gröf 3 áður en hún var grafin upp.

5.4. Torfhleðsla [800] og steinahrúga [1820]

Flest það sem kemur fram um torfhleðslu [800] á svæði A í áfangaskýrslunni fyrir uppgraftartímabilið 2022 á ennþá við þetta árið (Jakob Orri Jónsson o.fl., 2023, bls. 21). Mesta breidd hleðslunnar sem sést er um 2,14 metrar en ekki er hægt að segja til um raunverulega breidd hennar þar sem aðeins hluti hennar sést inn á svæði A. Hleðslan virðist vera annaðhvort horn byggingar eða garðlag sem stefnir norðvestur-suðaustur og liggur því að öllum líkindum undir steyptan nútíma vegg um gamla kirkjugarðinn.

Eftir þetta uppgraftartímabil virðist líklegt að um garðlag sé að ræða þar sem lagið sem kallað er steinahrúga [1820] hefur verið staðfest sem hrun úr grjóthleðslu, þó hún hafi verið óregluleg og eflaust frekar hroðvirkisleg. Líklegt er að þar sem grjóthleðslan sé hafi verið op á garðlaginu eða veggnum sem fyllt hefur verið upp í. Hvers vegna valið var að fylla upp í hann með grjóti fremur en bara torfi er erfitt að segja án þess að stækka uppgraftarsvæðið



Mynd 17: Steinahrúga [1820].

Mynd 16: Torfhleðsla [800]. Sjá má steina úr steinahrúgu [1820] vinstra megin á myndinni.

töluvert, sem einnig myndi kalla á að steypiti veggurinn og tré sem standa í kirkjugarðinum verði fjarlægð.

Miðað við þá gripi sem hafa komið upp í kringum þessa hleðslu má tímasetja hana til 16. eða 17. aldar. Tengist þetta mannvirki að öllum líkindum athöfnum á bænum Kirkjubæ fremur en kirkjunni á staðnum.

5.5. Kirkjugarðsveggur [2591]

Nærri suðursniði svæðis D kom í ljós röð steina sem stefndu austur-vestur og náðu yfir um helming svæðisins. Mjög greinilegt var að þessir steinar höfðu verið lagðir niður sem hluti af mannvirki og gaf hleðsla þeirra til kynna að hin úthlið veggisins sé fyrir utan svæði D. Aðeins ein röð steina var til staðar, þ.e.a.s. engir steinar lágu undir eða ofan á steinaröðinni, og efni veggisins sem þeir voru hluti af var ekki vel greinanlegt frá fokmold náttúrulegra laga í kring. Hefur því verið fremur lélegt torf í veggnum, eða þá að honum hafi verið hróflað upp á staðnum.

Talið er að þessi veggur [2591] séu leifar veggjar sem hlaðinn var umhverfis kirkjugarðinn á Kirkjubæjarklaustri eftir að klaustrinu var lokað. Styður gjóskulagagreining við þessa túlkun en hún bendir til að veggurinn hafi verið hlaðinn á 17. öld (sjá viðauka 1) og þá mjög líklega til að fylgja konunglegri tilskipun frá 1560 sem snéri að því að minnka kirkjur á klausturstöðum (DI XIII, bls. 480-481). Allar grafirnar sem komu í ljós þetta sumar voru



Mynd 18: Kirkjugarðsveggur [2591].

innan þessa veggjar. Þær eru annarsvegar frá því fyrir 1755 og hinsvegar frá því eftir 1845 en kirkjan á Kirkjubæjarklaustri var flutt á Prestbakka 1859.

5.6. Torfhleðsla [3400]

Torfhleðsla [3400] á svæði D kom í ljós seint á uppgraftartímabilinu og virðist vera leifar torf- og grjóthlaðins veggs sem hefur stefnu norður-suður, þvert á torfvegg kirkjugarðsins [2591] sem liggur ofan á þessum vegg. Efst í þessari hleðslu eru steinar, umkringdir stífu rauðleitu torfi blandað fokmold en torfið verður litríkara, ljósar og




Mynd 19: Torfhleðsla [3400].

mýkra með rauðum, gulum og kremuðum skellum neðar. Veggurinn var ekki grafinn upp en merki eru um meira grjót neðar.


Þessi hleðsla er greinilega nokkuð eldri en veggurinn [2591] sem liggur ofan á honum og sýndi gjóskulagagreining fram á að milli þeirra eru tvö jafnfallin lög gjósku, bæði úr Kötlugosum, annað frá 1625 en hitt frá um 1500 (sjá viðauka 1). Er þessi hleðsla því frá klausturtíma en greinilegt er að það mannvirki sem hún hefur tilheyrt hefur verið raskað af seinni tíma gröfum. Ekki verður sagt út frá því litla broti sem var afhjúpað hver tilgangur mannvirkisins var en alls ekki er ómögulegt að hér sé horn eldhúss þess sem leitað hefur verið á öðrum uppgraftarsvæðum þessi seinustu tvö uppgraftartímabil.

6. Fundir


Alls voru skráð 260 fundarnúmer á Kirkjubæjarklaustri sumarið 2023, en af þeim var ellefu númerum eytt og þrjú voru fyrir jarðvegssýni. Af þeim 246 númerum sem eftir stóðu voru 127 númer fyrir málma, 58 fundarnúmer voru fyrir bein, 23 fyrir steina, 20 fyrir keramik, ellefu fyrir við, níu fyrir gler og eitt fyrir svartaraf.



Mynd 20: Skífurit með hlutföllum gripaflokka eftir fjölda.



Mynd 21: Kort yfir fundi á svæði D.



Mynd 22: Kort yfir fundi á svæðum A, B og C.

6.1. Bein

Alls voru 56 fundarnúmer skráð fyrir bein, þar af voru 47 skráð sem dýrabein og níu sem mannabein. Dýrabeinin voru greind til 107 einstaklinga, hið minnsta, en varðveisla beina var mjög léleg. Var stærstur hluti dýrabeinanna greindur sem sauðfé eða geitur (40,5%) eða meðalstórri spendýra (33,8%). Einnig var að finna önnur landdýr, nautgripi og hesta, en aðeins eitt fiskibein fannst. Virðist því sem svo að mest sé um að ræða leifar matarræðis sem byggir helst á sauðfé, þó að mögulegt sé að fiskibein hafi grotnað í jörðu og finnast því ekki. Frekar má lesa um dýrabeinagreiningar í viðauka 2.

Mannabeinin sem safnað var voru skráð á sjö fundarnúmer og voru í heildina 15 tennur. Þegar þetta er ritað hafa ekki farið fram greiningar á þessum tönnum.

6.2. Gler

Átta fundarnúmer voru fyrir gler. Tvö virðast vera brot úr sama glerílatinu, litlum, skreyttum bikar (2023-30-64 og -94) en auk þessara brota var eitt í viðbót sem er úr gler ílát, blátt brot með örlytlum sveig (2023-30-206). Ein glerperla fannst og er hún svört, ílöng með hvítu munstri (2023-30-243, sjá mynd 23). Þrjú fundarnúmer eru rúðugler og eitt er brot brennds glers (2023-30-43).



Mynd 23: Glerperla (2023-30-243).

6.3. Keramik

Skráð fundarnúmer fyrir keramik voru 20 en allt voru það leirkersbrot, í heildina 29 brot. Eitt brot var hvítur jarðleir með grænan blýglerung (2023-30-83, sjá mynd 24) en öll önnur brot voru annaðhvort blýglerjaður rauður jarðleir eða steinleir. Hægt var að greina fjögur ílát meðal brotanna, eitt steinleirsílát, líklega kannu, tvö rauðleirsílát, annað þrífóta pottur og hitt kannu, og að lokum ílát úr hvíta leirnum en form þess er óvíst.

Öll leirkersbrot sem fundust þetta sumarið hafa mjög breiðan framreiðslutíma, frá 13. öld og allt fram til loka þeirrar 19. Það að yngri og skreyttar leirkersgerðir hafi ekki fundist meðal þeirra, t.d. verskmiðjuframleiddur jarðleir, tinglerjaður jarðleir og hornmálaður rauðleir, bendir til að safnið sé að stærstum hluta frá fyrri hluta 17. aldar eða þeirri 16. Gjóskulagagreiningar sem fóru á seinasta degi uppgrftar



Mynd 24: Hvítt jarðleirsbrot með grænum blýglerung (2023-30-83).

á svæði BC sýndi fram á að gjóskulag sem líklega er V-1477 er til staðar neðst á svæðinu sem styður við þessa greiningu (sjá viðauka 1).

6.4. Málmar

Fundarhópurinn málmar er samsettur af öllum málmfundum sem skráðir voru sumarið 2023. Af þeim 127 númerum sem skráðir voru sem málmar hafa 13 verið efnagreindir, allt gripir sem hafa óræða sjónræna greiningu. Enginn þessara 13 funda voru hreinir málmar heldur allt mismikið blandaðir. Af þeim var járn í meirihluta blöndunnar í sjö tilvikum, kopar í þremur, blý í tveimur og tin í einu.

Fundarnúmer sem skráð eru sem ógreinileg brot eru 30 en önnur var hægt að greina til gripagerðar. Þar af voru naglar langt um flestir, með 76 númer, þá fundust fjórar þynnur, þar af ein með nagla í gegn (2023-30-99), þrjár hnifar, þrjár festingar ýmiskonar, tvær lamir og tvö



Mynd 26: Klæðismerki með illgreinanlegu merki (2023-30-84).

klæðismerki, annað ómerkt (2023-30-77) en hitt með illgreinanlegu merki (2023-30-84, sjá mynd 26). Aðrir gripir voru stakir en þar er hnappur (2023-30-31), lykill (2023-30-249, sjá mynd 25), öngull (2023-30-135), fatakrækja (2023-30-227), lítil stöng, líklegast óunnið hráefni (2023-30-90), einn þunnur diskur með naglagati, líklegast nýtt sem skinna (2023-30-120), og eitt brot (2023-30-6) sem líklega er annaðhvort brún málmílláts, úr disk eða breiðum potti, eða illa farinn hnífur.



Mynd 25: Lykill (2023-30-249).

6.5. Steinar

Fundarnúmer fyrir steina sem safnað var voru 23. Þrettán af þessum fundum voru steinar sem ekki voru gripir en eiga ekki uppruna sinn á Kirkjubæjarklaustri. Þetta voru, meðal annars, jaspis (2023-30-203), hvítur steinn sem ekki hefur verið greindur, líklega kvarts eða kalsít (2023-30-193), hrafninn (2023-30-164) og fjórir vikurmolar. Þar að auki var einn vikurmoli sem greinilega hafði verið unninn, líklega til að slípa málm, bókfell eða þrífa potta (2023-30-



Mynd 28: Unninn vikurmoli (2023-30-197).



Mynd 27: Kvarts perla (2023-30-200).

197, sjá mynd 27). Tveir snældusnúðar fundust, annar stór og brotinn (2023-30-134) og hinn lítill (2023-30-236). Helmingur sexkantaðrar perlu úr glæru kvasi fannst, en slíkar perlur hafa væntanlega verið festar á enda reima á fatnaði, svo sem skikkjum og hettum, en einnig er mögulegt að hér sé um snældusnúð nýttur til að búa til mjög fínan þráð (2023-30-200, sjá mynd 28). Að seinustu fundust sex brýni.

6.6. Svartaraf

Einn gripur fannst sem skráður var sem svartaraf en það var perla, brotin í helming (2023-30-11, sjá mynd 29).

6.7. Viður

Ellefu númer voru skráð í fundarskrá sem viður. Var eitt viðarnagli úr kistu í gröf 2 (2023-30-116). Þrjú fundarnúmer frá svæði C voru greinilega unninn vinnur með koparnöglum (2023-30-57, -93 og -96). Önnur fundarnúmer voru fyrir unnin við. Ekki hafa fram greiningar á viðnum að svo stöddu.



Mynd 29: Svartarafsperla (2023-30-11).

7. Landslag, gróður og jarðgrunnur

Svæði A, B og C eru staðsett innan túns sem ekki hefur verið nýtt um nokkurn tíma en svæði D er innan steypis garðs sem umlykur gamla kirkjugarð staðarins. Þar fyrir innan er grasflöt sem reglulega er slegin en meðfram garðinum eru birkitré sem plantað var þegar hann var steypur um miðja síðustu öld. Undir grasflötinni eru grafir sem hafa verið sléttaðar út. Kirkjugarðurinn var í notkun til 1859 er ákveðið var að flytja kirkjuna að Prestsbakka, fyrir

utan afmarkað svæði innan hans sem verið notaður sem fjölskyldugrafreitir landeigenda á 20. öld.

Stærstur hluti túnsins á svæði A, B og C myndar þríhyrnt svæði sem afmarkast til austurs af gamla kirkjugarðinum en til norðurs, vesturs og suðurs af malbikuðum götum. Túnið er nokkuð þýft en yfirborðslög eru mjög sandkennd, allt þar til kemur niður að lagi áfoksmoldar með járnútfellingum, sem skráð var undir númerinu [258] sumarið 2022. Heimamenn tjáðu fornleifafræðingum við uppgröft að þetta tún hefði verið mýri fyrir um hálfri öld eða svo og þekkt sem Kirkjumýri eða Klausturmýri sem skýrir það vel hve járnrikur jarðvegurinn er en járnútfellingar og járnrik lög virðast vera helstu náttúrulegu jarðlögin sem er að finna á þessu svæði. Hefur járníð í mörgum tilfellum einnig smeygt sér inn í mannvistarlög.

Á Kirkjubæjarklaustri hefur átt sér stað mikil jarðvegsþykknun í áranna rás en um 1 til 1,5 metrar voru niður á mannvistarlög sem ná niður fyrir 4 metra dýpi undir yfirborði. Líkt og fyrr getur, liggur grunnvatn einnig mjög hátt á Kirkjubæjarklaustri.

8. Miðlun

Ljósmyndum og upplýsingum um uppgröftinn var deilt á Facebook síðu rannsóknarinnar *Fornleifarannsókn: Benediktínarklaustur á Íslandi / Benedictines in Iceland* og á Instagram síðu hennar, *benedictines_fornleifarannsókn*, á meðan uppgreftinum stóð og vinnu tengdum honum eftir að vettvangsvinnu lauk. Er þannig reynt að ná til breiðs hóps fólks, almennings jafnt sem fornleifafræðinga. Skýrsla þessi mun vera birt í opnum aðgangi á heimasíðu verkefnisins *Samspil manns og náttúru – Between Man and Nature* (bmn.hi.is).

9. Túlkun og framhald rannsókna

Niðurstöður uppgrafnarins þetta sumarið eru, að vissu leyti, vonbrigði. Öskuhaugurinn á svæðum B og C reyndist, byggt á gjóskulagarannsóknunum og kolefnisaldursgreiningum, eiga uppruna sinn á klausturtíma en mikill hluti hans sem er frá þeim tíma liggur undir grunnvatnsborði. Reyndist því ekki fýsilegt að grafa þann hluta hans upp og verður ekki nema með mikilli fyrirhöfn. Þær minjar sem grafnar voru upp á svæði A voru allar yngri en klausturtími og tengjast að öllum líkindum bænum en ekki kirkjunni í Kirkjubæ. Torfhleðsla [3400] eru einu byggingarleifarnar sem hafa verið grafnar fram sem hægt er að tímasetja til klausturtíma en er illa farin af raski frá seinni tímum, þá helst yngri gröfum.

Eftir vinnu sumarsins er ljóst að rannsóknum á minjum frá því fyrir Veiðivatnagosið 1477 fylgja mikil vandamál, helst tengd vatnabúskap á staðnum en einnig dýpt minjanna og sendnum jarðveginum. Samspil þessara þátta gerir uppgröft á Kirkjubæjarklaustri erfiða, flókna og kallar á vel skipulagða nálgun á framtíðar uppgröft. Því miður verður ekki hægt að fara í slíka vinnu í tengslum við verkefnið *Samspil manns og náttúru* og verður uppgráftartímabilið 2023 því það seinasta á Kirkjubæjarklaustri að sinni.

Heimildaskrá

- Bjarni F. Einarsson. (2000). *Kirkjubær : Klaustur og umhverfisaðstæður : Prufuholur við gamla bæjar- og klausturstæði Kirkjubæjar*. Fornleifafræðistofan.
- DI: *Íslensk fornbréfasafn XIII*. (1933–1939). Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jakob Orri Jónsson, Svavar Nielsson og Steinunn Kristjánsdóttir. (2023). *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins í Kirkjubæ : Áfangaskýrsla 2022*. Háskóli Íslands.
- Jón Kristinn Einarsson. (2022). *Jón Steingrímsson og Skaftáreldar*. Sögufélag.
- Jón Steingrímsson. (1907-1915). Fullkomið skrif um Síðueld. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta að fornu og nýju*, 4. Bindi, bls. 1–57.
- Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson. (2002). *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ : Skýrsla I : Rannsóknaruppgröftur sumarið 2002*. Fornleifafræðistofan.
- Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson. (2006). *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ : Áfangaskýrsla 2006 til stjórnar Kristnihátíðarsjóðs*. Fornleifafræðistofan.
- Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson. (2009). „Ora et labora“ : Efnisveruleiki klausturlífs á Kirkjubæjarklaustri. Í Guðmundur Ólafsson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.) *Endurfundir : Fornleifarannsóknir styrktar af Kristnihátíðarsjóði 2001–2005*. Þjóðminjasafn Íslands.
